



30.september 2025

Erindi til bæjarráðs Árborgar:

Beiðni um 500.000 kr. styrk til **Northern Lights - Fantastic Film Festival** sem er alþjóðleg stuttmyndahátíð, haldin í þriðja sinn, nú á nýju heimili sínu, **Stokkseyri í Árborg**.

Northern Lights - Fantastic Film Festival verður haldin dagana **30. október til 2. nóvember 2025**, í húsinu sem áður hýsti Draugasetrið og Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið. Þar ætla hátíðin að halda áfram að byggja brú milli fortíðar og framtíðar, þjóðsagna og kvikmynda, enda eitt af aðalmarkmiðum hátíðarinnar að hvetja kvikmyndahöfunda til að nýta sér íslenskan þjóðsagnararf í verkum sínum. Ákvörðunin um að flytja hátíðina frá Akureyri til Stokkseyrar er m.a. liður í því að gera hana aðgengilegri kvikmyndanemum sem og alþjóðlegum gestum hátíðarinnar.

Hátíðin fékk stuðning frá Uppbyggingasjóði Norðurlands-Eystra, Menningarsjóði Akureyrarbæjar og Kvikmyndamiðstöð Íslands fyrstu tvö árin sín á Akureyri sem er mikil viðurkenning. Aftur á móti er hátíðin að flytja á nýtt heimili, í nýjum landshluta og sveitarfélagi. Staðfesting á nýju heimili hátíðarinnar kom ekki fyrr en um mitt ár þannig að við misstum af þó nokkrum umsóknarfrestum varðandi mögulega styrki. Við þurfum því virkilega á góðum móttökum og stuðningi að halda, sérstaklega á þessu fyrsta ári okkar í Árborg. Þannig fær hátíðin tækifæri til að festa sig og kjarna á nýjum stað og sanna sig og verðmæti sín fyrir heimamönnum.

Það er ekki lítið verk að stofna og framleiða menningarviðburð af þessari stærðargráðu, hvað þá að flytja hann í nýjan landshluta. Við verðum ykkur óendanlega þakklát fyrir allan stuðning og vonumst til að eiga farsælt samstarf við Árborg sem og fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga bæjarfélagsins.

Með fyrirfram þökk,

Marzibil Sæmundardóttir

Hátíðarstjóri Northern Lights - Fantastic Film Festival

Meðfylgjandi skjöl:

*Ýtarleg greinargerð um hátíðina.

*Kostnaðar- og fjármögnunaráætlun

*Fréttatilkynning frá 15.september 2025.